

# Menntastefna Árborgar

Metnaður, virðing, vínáttá og gleði



2018–2022



Sveitarfélagið  
**ÁRBORG**



## Inngangur

Menntastefna Árborgar markar framtíðarsýn í skólamálu og á erindi til alls samfélagsins. Stefnan skapar skýran ramma um megináherslur í starfi skóla og skólaþjónustu. Nú sem fyrr var leitast við að fá sem flesta til að taka þátt í stefnumótunarvinnunni enda komu margir að gerð menntastefnunnar, m.a. nemendur, foreldrar og starfsfólk skóla. Einnig tóku fulltrúar foreldrafélaga, fræðslufirvalda og atvinnulífs virkan þátt í vinnunni. Stýrihópur var myndaður snemma árs 2017 sem leiddi verkefnið og vann úr þeim efnivið sem fram kom á hugarflugsfundum, ábendingavef og í tölvupósti. Jafnframt var rýnt í eldri skólastefnu Árborgar og lagt mat á hvað hefði gengið eftir og hvað ætti áfram erindi í nýja menntastefnu. Í hópnum sátu Sandra Dís Hafþórsdóttir, þáverandi formaður fræðslunefndar, Anna Ingadóttir, skólafulltrúi, Kristín Eiríksdóttir, leikskólastjóri, Már Ingólfur Másson, kennari, Guðný Ingibjörg Rúnarsdóttir, aðstoðarleikskólastjóri, Magnús J. Magnússon, skólastjóri, og Þorsteinn Hjartarson, fræðslustjóri. Arna Ír Gunnarsdóttir, formaður fræðslunefndar, kom inn í hópinn á haustdögum 2018. Þá störfuðu þær Sædís Sif Harðardóttir, Krístrún Rós Rósmundsdóttir og Brynja Hjörleifsdóttir

um tíma með hópnum. Birna Sigurjónsdóttir, fyrrverandi verkefnastjóri á skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar, las stefnuþrógin yfir, gaf góð ráð og aðstoðaði stýrihópinn við lokaúrvinnslu.

**Metnaður, virðing, vinátta og gleði** eru þau gildi sem flestir töldu mikilvægust enda gefa megináherslur menntastefnunnar það vel til kynna. Hér er um að ræða grunngildi sem sýna hvað skiptir máli í skólastarfinu og hvað sé eftirsóknarvert svo góður árangur náist í námi, kennslu og samskiptum. Gildin skýra það sem aðilar skólasamfélagsins í Árborg vilja að skólarnir séu þekktir fyrir og einkenni verk þeirra.

**Lærdómssamfélag** er hugtak sem hefur verið áberandi í skólaumræðunni í Árborg að undanförunni enda hefur sú hugmyndafræði verið lögð til grundvallar þegar áherslur og meginforsendur í þróunar- og umbótastarfi hafa verið mótaðar. Það er liður í því að stuðla að samvinnu og sameiginlegri sýn sem flestra í skólasamfélaginu með það að leiðarljósi að bæta námsárangur, samskipti og líðan nemenda. Þegar unnið er í anda lærdómssamfélagsins er fólk tilbúið til að styðja hvert annað og leita sameiginlegra leiða ▶



Sveitarfélagið  
**ÁRBORG**

Menntastefna Árborgar 2018–2022  
© Fræðslusvið 2018

**Ljósmyndir:** Anna Ingadóttir

**Umbrot:** Davíð Þór Guðlaugsson

**Prófarkalestur:** Magnea Magnúsdóttir

Menntastefnan er prentuð í takmörkuðu upplagi en er einnig gefin út á rafrænu formi og miðlun fer fram í gegnum vefsíðuna [www.arborg.is](http://www.arborg.is)

til að greina eigin starfshætti, bæta þá og innleiða nýja sem stuðla að betri námsárangri, fjölbreyttari kennsluháttum og meiri starfsánægju.

**Skóli fyrir alla** er eitt meginstef menntastefnunnar hér á landi enda hluti af alþjóðasáttmálum um réttindi barna sem Ísland hefur undirgengist. Til að geta unnið vel í þessum anda, þar sem allir eiga rétt á þátttöku á eigin forsendum, þurfa skólar að hafa svigrúm og stuðning til að innleiða nýjungar og vinna að framgangi stefnunnar með öflugri starfsþróun starfsfólks. Það er meðal annars gert með faglegum jafningjastuðningi, teymisvinnu og öflugu umbóta- og þróunarstarfi. Nú sem fyrr er starfsfólk skóla og skólaþjónustu í Árborg hvatt til að nýta vel ýmsa þróunarsjóði, svo sem Erasmus+ og Sprotasjóð.

**Fjórða iðnbyltingin** er hugtak sem vísar í tækni framfarir og þess sem er í vændum á sviði gervigreindar, sjálfvirknivæðingar og viðtækra samfélagsbreytinga. Því er mikilvægt að nemendur og starfsfólk skólanna í Árborg séu vel í stakk búin til að nýta öll þau tækifæri sem samfélagið hefur upp á að bjóða. Svo vel takist til skiptir gott samstarf heimila og skóla miklu máli og að starfshættir skólanna séu fjölbreyttir og sveigjanlegir þar sem hver nemandi fær að njóta sín á eigin forsendum.

**Skólar og skólaþjónusta.** Í Sveitarfélaginu Árborg eru starfandi fimm leikskólar og þrjú grunnskólar og hafinn er undirbúningur að byggingu nýs skóla í Björkurstykki. Barnaskólinn á Eyraþakka og Stokkseyri og leikskólinn Brimver/Æskukot eru starfræktir í báðum þorpunum. Á Selfossi eru leikskólarnir Álheimar, Árbær, Hulduheimar og Jötunheimar og grunnskólarnir Sunnulækjarskóli og Vallaskóli. Setrið, Sérdeild Suðurlands, er deild í Sunnulækjarskóla sem veitir m.a. fleiri skólum



ráðgjöf. Skólarnir móta sjálfir megináherslur en ætlast er til að þeir taki mið af menntastefnu Árborgar og aðalnámskrám leik- og grunnskóla. Skólaþjónusta Árborgar var formlega stofnuð 1. janúar 2014 og er leiðarljós hennar að þjóna fjölbreyttum þörfum barna, foreldra og starfsfólks skóla.

Unnið er í anda snemmtækra íhlutunar, þá skiptir miklu samstarfi sem flestra fagaðila, sem koma að þjónustu við börnin í Árborg. Þar má nefna starfsfólk skóla, skólaþjónustu, félagsþjónustu, frístundaþjónustu, heilsugæslu og annarra heilbrigðisstofnana.

**Menntastefna Árborgar** er prentuð í takmörkuðu upplagi en er einnig aðgengileg á rafrænu formi á heimasíðu sveitarfélagsins [www.arborg.is](http://www.arborg.is)

Selfossi 14. nóvember 2018  
Fræðslunefnd Árborgar

- Metnaður
- Virðing
- Vinátta
- Gleði



## Velliðan

*Nemendum og starfsfólki líður vel í skólanum og samskipti eru jákvæð*

**Skólabragur:** Skólamenning einkennist af virðingu og samkennd

**Skóli fyrir alla:** Virðing fyrir fjölbreytileika og umhyggja einkenna starfið

**Lýðræði og mannréttindi:** Áhersla á nemendalýðræði og hlustað á rödd barna og unglinga

## Leikum og lærum

*Fjölbreyttar námsleiðir, frumkvæði, samvinna og nýsköpun*

**Sköpun:** Leikur, sköpun og gleði einkenna skólastarf

**Nám og kennsla:** Einstaklingsmiðað nám, markviss samvinna og fjölbreyttar námsleiðir

**Umhverfi og aðbúnaður:** Aðbúnaður og námsgögn við allra hæfi

## Skólasamfélag

*Samvinna og samkennd einkennir skólasamfélagið*

**Lærdómssamfélagið:** Fagfólk vinnur saman að enn betri árangri nemenda

**Samstarf við foreldra:** Byggt er á gagnkvæmri virðingu og trausti með hagsmuni nemenda að leiðarljósi

**Samstarf við nærsamfélagið:** Öflugt samstarf við stofnanir í nærsamfélaginu, menningu, listir og íþróttir

## Velliðan

Nemendum og starfsfólki líður vel í skólanum og samskipti eru jákvæð

### Skólabragur

Skólamenning einkennist af virðingu og samkennd

- Skólabragur er jákvæður og skólamenning einkennist af virðingu og samkennd
- Mikilvægt er að nemendum og starfsfólki líði vel og eigi jákvæð og uppbyggjandi samskipti
- Allir aðilar skólasamfélagsins, starfsmenn, foreldrar og nemendur, eru fúsir til samvinnu og upplýsingagjafar
- Unnið er eftir skýrum verklagsreglum í samskiptamálum
- Mat á skólastarfi er nýtt til að tryggja góða líðan nemenda, menntun og gott skólaumhverfi

### Skóli fyrir alla

Virðing fyrir fjölbreytileika og umhyggja einkenna starfið

- Lögð er rækt við sterka sjálfsmynd, sjálfsöryggi og metnað allra nemenda
- Í skóla margbreytileikans er komið til móts við alla nemendur
- Mismunandi menningaruppruni er nýttur sem tækifæri í námi og kennslu
- Nemendur læra að bera ábyrgð á eigin heilsu og leggja rækt við heilbrigða lífshætti
- Kennarar fá upplýsingar, stuðning og ráðgjöf til að laga námsumhverfið að skóla fyrir alla

### Lýðræði og mannréttindi

Áhersla á nemendalýðræði – hlustað á rödd barna og unglunga

- Áhersla er lögð á lýðræðis- og mannréttindamenntun sem byggist á gagnrýnni hugsun og ígrundun um grunnildi samfélagsins
- Forsenda lýðræðis er samábyrgð, meðvitund og virkni nemenda, starfsmanna og forráðamanna
- Rödd barna og unglunga hefur vægi í námi og skólastarfi
- Einstaklings-, bekkjar- og hópviðtöl eru í boði á hverju skólaári
- Nemendafélög skólanna hvetja til samstarfs skóla á ýmsum sviðum, bæði í námi og félagslífi
- Starf nemendafélaga er öflugt



## Leikum og lærum

Fjölbreyttar námsleiðir, frumkvæði, samvinna og nýsköpun

### Sköpun

Leikur, sköpun og gleði eru ríkir þættir í skólastarfi

- Frumkvæði, samvinna og nýsköpun einkennir skólastarf
- Skapandi greinum er gefið mikið vægi í skólastarfinu
- Kjarnánámsgreinar og skapandi greinar fléttast saman með teymiskennslu og faglegri samvinnu
- Leiknum er gert hátt undir höfði og gott svigrúm gefið til leikja

### Nám og kennsla

Einstaklingsmiðað nám, markviss samvinna og fjölbreyttar námsleiðir

- Lögð er áhersla á framsæknar og fjölbreyttar kennsluaðferðir með einstaklingsmiðað nám að leiðarljósi
- Nám og kennsla stuðlar að því að nemendur tileinki sér gagnrýna hugsun, þekkingu og hæfni til að tjá skoðanir sínar
- Unnið er að því að efla málþroska og læsi, svo sem með þverfaglegum samstarfsverkefnum og styrkingu orðaforða
- Foreldrar eru virkir þátttakendur í námi barna sinna
- Tekið er tillit til áhuga nemenda og ábyrgðar á eigin námi
- Vettvangsferðir og nám í nærumhverfi skólanna eru mikilvægir þættir í skólastarfi
- Námsmat er fjölbreytt leiðsagnarmat þar sem hæfni nemenda er höfð að leiðarljósi
- Öflugt faglegt samstarf er á milli skóla og skólastiga sem miðar að samfellu í námi

### Umhverfi og aðbúnaður

Aðbúnaður og námsgögn við allra hæfi

- Aðstaða til náms er góð, aðbúnaður og kennslugögn taka mið af aldri og þroska nemenda
- Skólalóðir eru öruggar og aðgengilegar, aðbúnaður höfðar til allra aldurs hópa og nýtist bæði til náms og leikja
- Skólar eru snyrtilegir og frístundasvæði þægileg og aðlaðandi
- Aðbúnaður, m.a. tæknibúnaður, til náms, kennslu og stoðþjónustu er góður og fjölbreyttur
- Umhverfisvitund og sjálfbær hugsun eru mikilvægir þættir skólastarfsins
- Nemendur læra að umgangast nánasta umhverfi sitt af virðingu og alúð
- Umhverfisvernd og flokkun sorps er markviss og unnið er að því að draga úr matarsóun





## Skólasamfélag

*Samvinna og samkennd einkennir skólasamfélagið*

### Lærdómssamfélagið

*Fagfólk vinnur saman að enn betri árangri nemenda*

- Í öllum skólum er lærdómssamfélag fagfólks sem deilir sameiginlegum áhuga og sýn á nám og kennslu
- Rækta þarf faglegt leiðtoga hlutverk kennara og skólastjórna
- Starfsfólk skólanna starfar saman þvert á skóla og skólastig
- Gagnkvæm miðlun þekkingar og reynslu tryggir samfellu í námi, námsárangur og góða líðan nemenda
- Samstarf starfsfólks skóla og skólastjórna byggist á trausti og gagnkvæmum stuðningi
- Gefinn er kostur á öflugri starfsþróun
- Kennaranemar og nýtt starfsfólk fá góða leiðsögn
- Skóladaður Árborgar verði fastur liður í starfsþróun og samvinnu skóla og skólastiga

### Samstarf við foreldra

*Byggt er á gagnkvæmri virðingu og trausti með hagsmuni nemenda að leiðarljósi*

- Öll samskipti skóla og foreldra einkennast af gagnkvæmri virðingu, kurteisi og tillitssemi
- Foreldrar styðja við nám barna sinna, sýna skólastarfinu áhuga og stuðla þannig að bættum skólabrag og árangursríku starfi
- Samræður foreldra og kennara um nám og líðan nemenda er mikilvægur liður í skólastarfinu
- Skólar setja sér áætlun um samstarf foreldra og skóla og gera foreldrum kleift að koma að mótun skólastarfs
- Skólar og foreldrafélög bjóða upp á fræðslufundi fyrir foreldra
- Við upphaf skólagöngu í leik- og grunnskóla standa foreldrum til boða uppeldis- og skólafærninámskeið til að tryggja farsæla skólagöngu barns

### Samstarf við nærsamfélagið

*Öflugt samstarf við stofnanir í nærsamfélaginu, menningu, listir og íþróttir*

- Nám nemenda er tengt við menningu, listir, íþróttir, tólmundastarf og atvinnulíf
- Skólar, íþrótt- og tólmundafélög vinna saman að því að skapa samfellu í skóla- og frístundastarfi barna með þarfir þeirra í fyrirrúmi
- Gott tengslanet í nærsamfélaginu gefur aukin tækifæri til samstarfs og þróunar
- Áhersla er lögð á tengsl náms og atvinnulífs